

(A. XXII, 1).

Nd.

38. Frumvarp

til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að innheimta ýmsa tolla og gjöld með 25% gengisviðauka.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Á meðan gengi á sterlingspundi er skráð í Reykjavík á 25 krónur eða þar yfir, veitist ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta alla tolla samkvæmt tolllögum nr. 41, 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslu skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna með gengisviðauka að upphæð 25%, þannig að hver toll- eða gjaldeining hækkar um 25%, og reiknast $\frac{1}{2}$ eyrir og stærra brot úr tolleiningu sem heill eyrir, en minna broti er slept.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A thugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefir reynslan sýnt það, að ríkissjóði hafa ekki verið ætlaðar nægilegar tekjur til að standast hin raunverulegu útgjöld ríkisins. Þannig hefir verið mikill tekjuhalli öll árin 1920—23, sem nemur að visu um 4 miljónum króna. Þennan gifurlega tekjuhalla hefir svo orðið að jafna með árlegum lántökum, en það er ljóst, að þetta getur ekki gengið til lengdar. Bæði er það, að að því hlýtur að reka, að ríkissjóður fær ekki frekari lán, og hins vegar er það ófært að leggja þyngri lánabyrðar á eftirkomendurna en orðið er. Er þá fyrst sá vegur fyrir hendi, sem sjálfsagt er að fara, sem sje sá að forðast að leggja ný útgjöld á ríkissjóðinn og spara sem mest má verða öll gjöld, er hjá verður komist, en þessi vegur er, því miður nú sem komið er, eigi einhlítur.

Þess vegna verður eigi komist hjá því að afla ríkissjóði meiri tekna, og þessi leið er því óhjákvæmilegri, sem ýmsar tekjur ríkissjóðsins hafa í raun og veru rýrnað tilfinnanlega frá því, sem upphæflega var til ætlast. Það er sem sje ljóst, að þegar skattar og gjöld eru miðuð við fasta upphæð í íslenskum krónum, þá lækkar hið raunverulega gildi þeirra í beinu hlutfalli við verðfall krónunnar.

Þetta mundi nú að visu eigi baka ríkissjóði fjárhagslegan hnekki, ef útgjöld ríkisins mætti greiða í íslenskum krónum með föstum upphæðum í krónutali, en þessu er ekki svo varið. Útgjöld ríkisins hækka þvert á móti á allflestum sviðum, þegar krónan fellur í verði, sumpart beinlinis, svo sem á sjer stað um afborganir og vexti af erlendum lánum, sumpart óbeinlinis við það, að allur fjöldinn af innanlands gjöldum ríkissjóðs hækkar vegna hækkandi vöruverðs, sem aftur er bein afleiðing af verðfalli krónunnar, t. d. dýrtíðaruppbót eða dýrtíðarhækkun á launum embættismanna, starfsmanna og verkamanna, aukinn rekstrar-kostnaður opinberra stofnana og fyrirtækja, dýrara efni, áhöld o. s. frv. Nemur þetta heina og óbeina tap stórmiklum upphæðum, og þarf ekki annað en að visa til fjárlagafrumvarpa stjórnarinnar á undanfórnum árum í þessu efni.

Að svo miklu leyti sem tekjur ríkisins eru innheimtar sem hundraðsgjald af tekjum og eignum, svo sem tekjuskattur, eignarskattur og ýms stimpilgjöld, eða eru álagðar sem verðtollur, má segja að tekjur ríkisins hækki að sama skapi og kaup og vöruverð hækkar, hækki að sama skapi sem krónan fellur, en aftur er öðru máli að gegna um þá skatta og gjöld, sem ákveðin eru eftir þyngd eða mæli án tillits til vöruverðs eða verðlags, t. d. kaffi og sykurtollur, vöru-tollur o. s. frv.

Í þeim löndum, þar sem gjaldeyrir landsins hefir fallið í verði og útlendur gjaldeyrir hefir stigið að sama skapi, hefir þetta ástand leitt til þess, að annaðhvort hefir þurft að hækka skattana sem svarar til verðfalls hins innlenda gjaldeyris, eða innheimta skattana með hinum gömlu upphæðum, reiknuðum eftir gullverði. Þannig hefir t. d. Noregur á undanfórnum árum hvað eftir annað hækkað tollana í hlutfalli við verðfall norsku krónunnar, og á síðastliðnu ári hefir ríkið stigið sporið að fullu, með því að veita ríkisstjórninni heimild til þess að innheimta tollana eftir gullverði, þ. e. hinir hækkuðu tollar eru innheimtir með gengisviðbót (Valutatillæg), og er þessi gengisviðbót í desbr. síðastl. 79%, en hækkar eða lækkar á hverjum mánuði eftir gullverði krónunnar. Þessi stórkostlega hækkun er byggð á nauðsyn ríkisins á meiri tekjum, til þess að ná jafnvægi milli tekna og gjalda, svo að komist verði hjá nýjum lántökum, en það telur norska stjórnin skilyrði til þess að sporna við sivarandi verðfalli norsku krónunnar, og á það hefir norska Stórþingið fallist að heita má í einu hljóði, enda ætti það að vera auðsætt hverjum manni, að það er verulegt atriði til þess að hækka gengið, að koma fjárhag ríkisins á tryggn grundvöll, þannig að ekki þurfi að leita eftir nýjum lánum, og afgangur fáist upp í afborgun eldri skulda, er standa fyrir dyrum.

Hvort og að hve miklu leyti tekið hafi verið tillit til verðfalls íslensku krónunnar, er skattalögin voru sett 1921, sjest að visu ekki, en þó má telja það vist, að ekki hafi verið þá miðað við hærra gengi á sterlingspundi en 23 kr., en nú er það 32—33 kr. Um einn aðaltekjustofninn, sykurtollinn, er það að segja,

að hann hefir verið látinn standa óbreyttur frá því, sem áður hafði verið samkvæmt tolllögnum frá 1911. Eftir núverandi verðmæti krónunnar, samanborið við gull (dollar), þyrfti nú að innheimta hina gömlu tolla með 95% viðbót til þess, að þeir í raun og veru væru jafnmikils virði og áður, með öðrum orðum, íslenska seðlakrónan er nú ekki meira virði en hjer um bil 52 aurar.

Svo sem þegar hefir verið tekið fram, má það ekki lengur dragast að koma fjárhag ríkisins aftur á rjettan kjöl, þannig, að tekjur og gjöld standist á. Stjórnin fer því fram á, að henni verði veitt heimild til þess með frumvarpi þessu, á meðan sterlingspund er skráð hjer í Reykjavík á 25 kr. eða þar yfir, að innheimta allar tolltekjur samkvæmt tolllögnum nr. 41 1921, vörutoll, vitagjald og afgreiðslugjald skipa samkvæmt 54. gr. aukatekjulaganna, með gengisviðauka að upphæð 25%. Um alla þessa skatta er það sameiginlegt, að þeir eru fastákveðnir án tillits til vöruverðs, og hafa því í raun og veru lækkað þá er gengi krónunnar lækkaði.

Þótt umræddur gengisviðauki væri samþykktur, verður tollur af kaffi og sykri ekki eins hár eins og nú á sjer stað í nágrennalöndum vorum Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, svo sem sjest á eftirfarandi samanburði:

Tollur á sykri miðað við kílógrömm.

Ísland 15 aur. á kg. + 25% viðbót	19 aur.
Svíþjóð 10 svenskir aur. = íslenskir	19—20 —
Noregur 22 + 1.79 norskir aur. = íslenskir c.	41 —
Finnland 2.80 mörk finsk = íslenskir	50 —

Tollur á óbrendu kaffi.

Ísland 60 a. á kg. + 25% viðbót	75 —
Svíþjóð 50 svenskir aur. = íslenskir	97 —
Noregur 33 + 1,79 norskir aur. = íslenskir.....	60 —
Finnland 12 mörk finsk = íslenskir	2,16 —

Af þessum samanburði sjest það, hve mikið aðrar þjóðir telja nauðsynlegt að leggja á sig til þess að rjetta við fjárhag sinn. Þetta er oss ekki síður nauðsynlegt, enda ætti öllum nú að vera orðið ljóst, að eitt af skilyrðunum fyrir því, að gengi íslensku krónunnar geti lagast, er það, að fjárhagur ríkisins komist aftur á rjettan kjöl.

Ef miðað er við tekjur ársins 1922, yrði tekjuauki sá, er hjer ræðir um, um 700000 kr., en þar sem gera má ráð fyrir, að vöruflutningur minki á næstu árum, þykir ekki varlegt að áætla tekjuauka þennan hærri en 500000 kr.

Að endingu skal það tekið fram, að hentugra þykir að hafa lög þessi í almennu heimildarformi, bæði vegna þess að gengisviðbótinni er ætlað að ná til ýmsra gjalda, sem ákveðin eru í mörgum lögum, svo og til þess að sýna það sem skýrast, að tilgangurinn með gengisviðaukanum er eingöngu sá að verja ríkissjóðinn tapi, er stafar af verðfalli krónunnar, og að heimildin falli úr gildi, þegar gengi krónunnar hækkar. Þetta er því bráðabirgðaráðstöfun, er enga hið þolir.